

RHESUS VARNIR – BREYTT VERKLAG

Algengasta og alvarlegasta tegund blóðflokkamisræmis móður og barns getur komið fram þegar móðir er Rhesus D neikvæð og fóstrið er Rhesus D jákvætt. Um 15% barnshafandi kvenna eru Rhesus D neikvæðar þ.e. þær eru ekki með Rhesus D mótefnavaka á yfirborði rauðu blóðkornanna. Um 60% Rhesus D neikvæðra barnshafandi kvenna ganga með Rhesus D jákvætt fóstur. Þær geta myndað rauðkornamótefni (Rhesus næming) sem geta haft afleiðingar á næstu meðgöngu sé það fóstur einnig Rhesus jákvætt. Mótefnin fara yfir fylgju, bindast rauðkornum fóstursins og valda niðurbroti á þeim. Afleiðingarnar geta verið alvarlegt blóðleysi hjá fósturinu og alvarleg gula hjá nýburanum.

Rhesusvarnir hófust hérlendis fyrir um hálfri öld. Þær hafa falist í reglubundinni mótefnaleit hjá barnshafandi konum og gjöf anti D immunoglobulins eftir fæðingu hjá Rhesus D neikvæðum konum sem fæða Rhesus D jákvæð börn. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir mynda um 2% Rhesus neikvæðra kvenna mótefni á meðgöngu eða um 5 konur á ári skv. nýlegri íslenskri rannsókn.

Í fjölmörgum löndum hefur öllum Rhesus D neikvæðum konum verið gefið immunoglobulin við 28 vikna meðgöngu um árabil. Með þessu hefur náðst að fækka Rhesus næmingu um 80%. Þetta verklag er í klínískum leiðbeiningum um meðgönguvernd í Englandi, Danmörku. Svíþjóð og Noregi en ekki hérlendis.

Nú verður tekin upp stýrð gjöf anti D immunoglobulins við 28 vikna meðgöngu hérlendis. Blóðbankinn hefur sett upp aðferð til að greina blóðflokk fósturs með blóðsýni frá móður. Með því að finna hvaða Rhesus D neikvæðar konur ganga með Rhesus D jákvætt fóstur má stýra mótefnagjöfni. Gert er ráð fyrir að um 8-9% allra barnshafandi kvenna hérlendis þurfi anti D immunoglobulin á meðgöngunni. Rh D neikvæðar konur sem ganga með Rh D neikvætt fóstur þurfa það ekki.

NÝTT VERKLAG VIÐ RHESUS VARNIR

Í upphafi meðgöngu er blóðflokkun gerð hjá öllum konum og skimað fyrir rauðkornamótefnum.

Við 25 vikur er skimað fyrir rauðkornamótefnum hjá öllum Rhesus D neikvæðum konum og einnig er Rhesus D flokkur fósturs greindur. Blóðbanki gefur svar um niðurstöðu mótefnaskimunar og Rhesus flokk fósturs. Það er mikilvægt að skrá bæði blóðflokk móður og fósturs.

Við 28 vikur er Rhesus D neikvæðum konum sem ganga með Rhesus D jákvætt fóstur boðin anti Rhesus D mótefnasprauta (Rhophylac® 1500 a.e.) til að koma í veg fyrir næmingu móður. Rhesus D neikvæðar konur sem ganga með Rhesus D neikvætt fóstur þurfa ekki anti Rhesus D mótefnasprautu.

Eftir fæðingu fá þær konur sem fengu mótefnasprautu Rhophylac® 1500 a.e. á meðgöngu við 28 vikur aftur mótefnasprautu. Blóðsýni úr naflastreng verður áfram tekið hjá öllum Rhesus D neikvæðum konum.

Skimun fyrir rauðkornamótefnum við 36 vikur verður hætt hjá öllum barnshafandi konum.

Við slys/föll/blæðingar/vendingar þurfa Rhesus D neikvæðar konur sem ganga með Rhesus D jákvætt fóstur anti Rhesus D mótefnasprautu á nýjan leik nema mjög stutt sé liðið (oftast miðað við 4 vikur) frá gjöf fyrirbyggjandi mótefnagjafar við 28 vikur. Rhesus D neikvæðar konur sem ganga með Rhesus D neikvætt fóstur þurfa ekki mótefnagjöf við þessar aðstæður. Ef blóðflokkur barns er ekki þekktur þarf að gefa anti Rhesus D mótefnasprautu.

MÆÐRAVERND PRÓUNARSTOFU HH, JANÚAR 2017